

## Stjórnarfundur í Foreldrafélagi Lágafellsskóla

14.október 2019

Viðstödd: Aldís, Egill, Helena Katrín, Kristín Ásta, Grétar og Valdimar.

Dagskrá:

### 1. Fræðslukvöld með bekkjarfulltrúum í október

Heimili og Skóli bjóða upp á bekkjarfulltrúanámskeið sem er klukkustundarlöng fræðsla um mikilvægi foreldrastarfs og forvarnargildi þess, samstarfs foreldra og skóla, starfsemi foreldrafélaga og góðar hugmyndir og ráð til að byggja upp góðan bekkjaranda og mynda samheldinn foreldrahóp í kringum bekkina. Eftir það er tími til spurninga og vangaveltna. Auk þess koma þau með prentað efni sem öllum er frjálst að fá, s.s. Foreldrasáttmálinn, Læsisáttmálinn, Handbók um einelti og vináttufærni, Ung börn og snjalltæki og Börn og miðlanotkun. Námskeiðið kostar 60.000 kr fyrir félagi í Heimili og skóla en 70.000 kr fyrir aðra miðað við að fræðslan sé að kvöldi til.

**Samþykkt að að athuga með dagsetningu fyrir fræðslukvöld og fá nánari upplýsingar um félagsaðild að samtökunum.**

### 2. Kaffihúsakvöld í nóvember

Ákveðið að fá Önnu Steinsen frá KVAN á kaffihúsakvöld í Lágafellsskóla miðvikudaginn 13. nóvember með fræðslu fyrir nemendur í unglingadeild og foreldra þeirra um sjálfstraust og þrautseigju.

### 3. Erindi frá Bólinu um foreldrarölt

*Markmiðið með foreldrarölti er að hrista saman foreldrahópinn, hafa fyrirbyggjandi áhrif og gefa skýr skilaboð um sterkt og virkt foreldrasamfélag.*

*Félagsmiðstöðin Ból er tilbúin til að aðstoða foreldrafélögin með þetta þar sem þörfin er því miður meiri fyrir þetta nú en oft áður og foreldrar hafa kallað eftir þessu. Hugmyndin er að foreldraröltið skiptist á milli foreldra í 5. – 10. bekk. Annan hvern föstudag hittast foreldrar barna úr Lágafellsskóla í LágóBóli kl. 21:40 til að fá vesti og vera tilbúin í rölt kl. 21:45 og hina föstudagana hittast foreldrar úr Varmárskóla í VarmáBóli kl. 21:40. Einnig væri gott að koma Helgafellsskóla inn í þetta líka enda eru þar nemendur í 5. og 6. bekk. Í þessum skólum þremur eru bekkjardeildirnar 51 á þessum aldri þannig að hver bekkur þyrfti bara að taka eitt rölt yfir árið.*

**Stjórn Foreldrafélagsins er jákvæð fyrir framtakinu og hvetur til þess að foreldrar barna í 5-10. bekk í Lágafellsskóla taki þátt í foreldraröltinu í forvarnarskyni.**

### 4. Aðgangur foreldra leikskólabarna á Höfðabergi að félaginu.

Samþykkt að bjóða foreldrum allra barna á Höfðabergi að gerast aðilar að Foreldrafélagi Lágafellsskóla.